

Inngangur


Verkefni þetta er framhald verkefnis, sem kynnt var í fyrra, og fjallaði þá um óhappatiðni í beygjum. Verkefnisstjóri var áfram nú Haraldur Sigbórsson og honum til aðstoðar voru Rósa Guðmundsdóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir, öll hjá Eflu. Hjá Vegagerðinni komu einkum að verkinu Einar Pálsson og Hersir Gíslason, bæði hvað varðar öflun gagna og frumúrvinnslu þeirra.

Óhappatiðni eftir vegbreidd

Samkvæmt erlendum heimildum lækkar óhappatiðni yfirleitt með aukinni vegbreidd, a.m.k. í dreifbýli. Heimildum ber þó ekki saman um það, hversu mikið hún lækkar. Í þéttbýli geta auknar breiddir gatna haft þveröfug áhrif. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir til að meta þennan þátt fyrir íslenska þjóðvegi þar til nú. Gögn fengust úr viðamiklum breiddarmælingum Vegagerðarinnar og voru þau tengd gagnagrunnum með umferðarslysum fyrir árin 2004-2007. Reynt var að leiðrétta gögnin eins og unnt var m.t.t. breytinga á vegakerfinu.


Niðurstaðan varð mjög skýr, sjá mynd af óhappatiðni sem fall af vegbreidd í metrum. Ferillinn er ólínulegur og hafa því breiðkanir á mjög mjóum vegum mest að segja, en áhrifin minnka svo með aukinni breidd.

Bæði breiddir vegar og slitlags voru bornar saman við alvarleika umferðaróhappa og verður nánar greint frá þeim niðurstöðum í komandi kynningu.




Óhappatiðni eftir slitlagsbreidd

Ekki fundust áreiðanlegar erlendar heimildir um þennan þátt, en líklegt þótti, að aukin slitlagsbreidd væri til bóta út frá sjónarmiði umferðaröryggis. Niðurstaðan varð aftur nokkuð skýr, en um línulega lækkun óhappatiðni virðist vera að ræða með aukinni slitlagsbreidd, sjá mynd.



Óhappatiðni eftir langhalla

Gögn um langhalla byggðust á svokölluðu z-hniti GPS-mælinga. Langhalla var svo reiknaður á milli punkta og slysa gögn fyrir árin 2004-2007 tengd við. Nokkur vinna fór í það að sannfæra sig um það, að langhalla reiknaðist rétt. Var hann t.d. borinn saman við staðsetningu þeirra skilta, sem vara við miklum langhalla, sjá mynd. Þar sem hallaprósentan



var oftast gefin upp reyndist samanburður auðveldur. Um mjög góða samsvörun reiknaðra og skiltaðra gilda var að ræða.

Tengsl langhalla og óhappatiðni voru einnig skoðuð ítarlega. Erlendar heimildir eru nokkuð misvísandi, en almennt má segja, að aukinn halli þýði minna öryggi. Fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar eru í samræmi við þetta.